# Valinn listi yfir afrískar kvikmyndir gerður af Stefáni S Kristmannssyni, 2024

| Yr/Ár | Land/country | Director/Höfundur | Titill original/erl | Titill isl | Notes/Lýsing (lauslegar þýðingar úr ýmsum áttum) |
|---|---|---|---|---|---|
| 1955 | Senegal | Paulin Soumanou Vieyra | Afrique sur Seine | Afríka á Signu | Fyrsta raunverulega afríska kvikmyndin (stutt), sem fjallar um unga nemendur frá Afríku sem ganga um götur Parísar og velta fyrir sér firringu búsetuskipta og kynþáttamisrétti. |
| 1962 | Fílabeinsströnd | Timité Bassori | Sur la dune de la solitude | Á öldu einmanaleiks | Af sagnaheimi munnlegra hetjudáða, um vatnagyðju sem seiðar karlmenn til sín í undirdjúpin. |
| 1962 | Kamerún | Jean Paul N'Gassa | Aventure en France | Ævintýri í Frakklandi | Um erfiðleika aðlögunar eftir veru erlendis |
| 1962 | Níger | Mustapha Alassane | Aouré | Brúðkaup | Lýsir hefðbundnu afrísku brúðkaupi |
| 1963 | Kamerún | Thérèse Sita-Bella | Tam Tam à Paris | Afrískar trommur í París | Fyrsta kvikmynd gerð af konu frá Afríku, fjallar um heimsókn leikhóps frá Kamerún til Parísar |
| 1963 | Malí | Ousmane Sembéne | L´Empire Songhai | Heimsveldi Songhai | Um veldi í Afríku fyrir nýlendutímann sem varð fyrir erlendum árásum |
| 1963 | Senegal | Ousmane Sembéne | Borom Sarret | Vagnstjórinn | Er talið fyrsta listaverk leikstjóra og rithöfundar frá Afríku sem fjallar um daglegt líf vagnstjóra í Dakar. Myndin vekur athygli á þjóðfélagsskipan eftir nýlendutímann sem er raunverulega framhald nýlendustefnu (neocolonial) fyrir Afríkubúa. Höfundurinn deilir á misréttið, bæði félagslegt og efnahagslegt, og myndin höfðar til innlendra og er því pólitískt verk. |
| 1963 | Senegal | Momar Thiam | Sarzan | | Fjallar um hermann sem kemur tilbaka í þorpið sitt eftir að hafa barist fyrir Frakka í stríðinu. |
| 1963 | Senegal | Paulin Soumanou Vieyra | Sindiély | | Þjóðdansar og forn balletdans segja sögu þvingaðs hjónabands |
| 1964 | Níger | Mustapha Alassane | La bague du roi Koda | Hringur Koda konungs | Þjóðsaga um konungs sem girnist konu eins þegns síns en snýst í hendur honum, með töfrabrögðum eiginmannsins. |
| 1965 | Kamerún | Urbain Dia Mokouri | Point de vue | Sjónarhorn | Um erfiðleika aðlögunar eftir veru erlendis |
| 1965 | Níger | Mustapha Alassane | La mort de Gandji | Dauði Gandís | Fystu teiknimyndirnar frá Afríku, pólitískt innlegg |
| 1965 | Senegal | Ababacar Samb | Et la neige n´était plus | Ekki lengur snjór | Lýsir rótleysi Afríkubúa í útlöndum |
| 1966 | Níger | Mustapha Alassane | Bon voyage, Sim | Góða ferð, Sim | Fystu teiknimyndirnar frá Afríku. Gert grín að því þegar þjóðhöfðingi kemur úr opinberri heimsókn er búið að steypa honum úr sessi. |
| 1966 | Níger | Mustapha Alassane | Le retour de l'adventurier | Endurkoma ævintýramannsins | Um hættur menningamengunar þegar vestrar á daglegt líf |
| 1966 | Senegal | Ousmane Sembéne | La noire de... | Svarta stúlkan | Fjallar um unga stúlku sem fer til Frakklands til að vinna sem húshjálp fyrir fína fjölskyldu. Þetta minnir sterklega á þrælahald fyrri ára, frá því þegar hún er valin á markaði og í raun haldið í fangelsun í starfinu. Líf hennar verður svift öllum gæðum og undirstrikar undirokun svartra fyrir velmegun hvítra. Talin fyrsta afríska myndin í fullri lengd. |
| 1967 | Fílabeinsströnd | Désiré Ecaré | Concerto pour un exil | Konsert fyrir útlaga | Reynsla útlaga við Signu, tilvísun í "Afríka á Signu" |
| 1967 | Senegal | Paulin Soumanou Vieyra | Mol | Fiskimenn | Heimildarmynd um vélvæðingu báta |
| 1968 | Fílabeinsströnd | Timité Bassori | La femme au couteau | Konan með hnífinn | Um kynferðislega bælingu einstaklings vegna undirokunar móður í æsku |
| 1968 | Gana | Sam Aryetey | No Tears for Ananse | Ekki gráta vegna Ananse | Byggt á þjóðsögu um ungan mann sem þykist vera dauður til að þurfa ekki að sjá fyrir fjölskyldunni |
| 1968 | Kamerún | Thomas Makoulet Manga | Mon stage en France | Þjálfun mín í Frakklandi | Höfundur lýsir eigin reynslu |
| 1968 | Senegal | Ousmane Sembéne | Mandabi | Póstávísunin | Gamanmynd sem fjallar um fáfróðann mann sem aðrir notfæra sér. Ólæs maður fær tilkynningu um peningasendingu frá ættingja í París og þegar það fréttist laðast að honum fólk sem ætlast til samkenndar (arfleifð sameignar gæða). Það gengur samt ekki vel að nálgast féð vegna skriffinsku yfirvalda (arfleifð nýlendustefnu). Óhæfi, dugleysi, miskunnarleysi eru hér þættir sem deilt er hart á, smámunasemi og áframhald kúgunnar. Maður hefðarinnar verður neðstur í metorðastiganum, eftiröpun nýlenduherrana hífir upp í kerfi samfélagsins. (Fyrsta afríska kvikmyndin í fullri lengd í lit og sem fór í dreifingu utan álfunnar.) |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1968 | Senegal | Djibril Diop Mambéty | Contras´ City | Borg andstæðna | Stuttmynd þar sem borin er saman innflutt byggingalist við aðstæður fyrirliggjandi íbúa í Dakar |
| 1968 | Senegal | Mahama Johnson Traoré | Diankha-bi | Unga stúlkan | Fyrsta rannsóknin á stöðu konunnar í afrísku samfélagi. |
| 1969 | Fílabeinsströnd | Henri Duparc | Mouna ou le rêve d´un artiste | Mouna eða draumur listamanns | Spyr um visku þess að framleiða "gamla" afríska gripi og grímur |
| 1969 | Gínea | Amadou S. Camara | Ame perdue | Töpuð sál | Höfundur lýsir eigin reynslu erlendis |
| 1969 | Máritanía | Med Hondo | Balade aux sources | Ganga að upptökum | Stuttmynd um afrískan innflytjenda í niðurdrepandi umhverfi |
| 1969 | Máritanía | Med Hondo | Partout ou peutétre nulle part | Alls staðar eða hvergi | Stuttmynd um tvö hvít pör séð með augum svarts manns |
| 1969 | Máritanía | Med Hondo | Soleil O | Ó sól | Mikið ádeiluverk á heimsvaldastefnu í Afríku frá þrælahaldi til nútíma. Óhefðbundin tækni, mikið um klippingar og engin eiginlegur söguþráður. |
| 1969 | Níger | Mustapha Alassane | Deela | | Sagnameistari, griot, útskýrir kraftinn í málshættum, talsett á máli innfæddra |
| 1969 | Níger | Oumarou Ganda | Cabascado | Töffari (Tough nut) | Byggð á reynslu leikstjórans um hermann sem kemur tilbaka í þorpið eftir 4 ár að berjast fyrir Frakka í Indókína. Honum er tekið vel meðan peningar endast en síðan snúa allir við hann baki og hermaðurinn snýr til sveitarinnar með exi að vopni til að leita huggunar. |
| 1970 | Fílabeinsströnd | Désiré Ecaré | Femme noire, femme nue | Svört kona, nakin kona | Innflytjendalíf kvenna í Frakklandi |
| 1970 | Gana | Egbert Adjesu | I Told You So | Ég var búinn að segja þér það | Gamanmynd um samningshjónaband sem byggist á sandi |
| 1970 | Gínea | Moussa Kemoko Diakité | Hydre Dyama | | Heimildarmynd |
| 1970 | Níger | Yaya Kossoko | La réussite de Meithèbre | Árangur í Meithèbre | Stuttmynd um ólæsi |
| 1970 | Níger | Inoussa Ousseini | La sangsue | Blóðsugan | Stuttmynd um túlkun afríkumanns á vestrænum kynhneigðum |
| 1970 | Senegal | Mahama Johnson Traoré | Diègue-bi | Unga konan | Um baráttuna gegn óréttlátum yfirvöldum |
| 1970 | Suður Afríka | Antonia Caccia & Simon Louvish | End of Dialogue | Samtali lokið | Heimildamynd gerð leynilega af hvítum Suður Afríkumönnum lýsa misrétti undir aðskilnaðarstefnunni. |
| 1971 | Gana | Bernard Odidja | Do Your Own Thing | Vertu þú sjálf | Í staðbundnum tónlistarheimi dreymir unga konu um að verða sálarsöngkona |
| 1971 | Níger | Oumarou Ganda | Le wazzou du polygame | Siðmenning fjölkvænismannsins | Fyrsta verðlaunamynd afrísku kvikmyndahátíðarinnar í Ouagadougou. |
| 1971 | Nígería | Francis Oladele | Things fall apart | Allt sundrast | Byggð á frægum skáldsögum Achebe. Stefið er þekkt um andstæður hins nýja sem mun leiða til glötunnar og hins hefðbundna lífs þjóðar. Afhjúpun spillingar, fangelsun, valdarán hersins, borgarastríð eru allt þættir sem vafnir eru í frásögnina af manni í leitað betri framtíð með konu sinni og barni. |
| 1971 | Senegal | Ousmane Sembéne | Emitai | Þrumuguð | Sagan hér er byggð á sönnum atburðum (sem leikstjórinn reyndi) úr seinna stríði og segir frá mótspyrnu þorpsbúa á Senegal gegn franska nýlenduhernum. |
| 1971 | Senegal | Ababa Samb-Makharam | Kodou | | Fjallar um árekstur einstaklingsins við samfélagið og í víðari samhengi um mótsagnir hefðbundinna siða og vestrænna hátta. |
| 1972 | Angóla | Sarah Maldoror | Sambizanga | | Karlar og konur berjast saman í frelsisstríðinu en hlutur kvennanna vill gleymast við sjálfstæði. |
| 1972 | Fílabeinsströnd | Henri Duparc | Abusuan | Fjölskyldan | Fjallar um velgengni fjölskyldulims í borginni og afæturnar í sveitinni. |
| 1972 | Fílabeinsströnd | Gnoan Roger M´Bala | Amanié | Friður | Ádeiluverk um samfélagsmein millistéttar á eftir-nýlendutíma |
| 1972 | Fílabeinsströnd | N´dabian Vodio | Le cri du Muezzin | Kall bænakallarans | Ádeilumynd um spillingu millistéttar sem stingur á samfélagsmeinum |
| 1972 | Gabon | Pierre-Marie Dong | Identité | Einkenni | Um rótleysi evrópuvæddra Afríkubúa |
| 1972 | Níger | Mustapha Alassane | F.V.V.A.-Femmes, villa, voiture, argent | Konur, hús, bíll, peningur | Saga karlrembu sem missir fótanna, úr einföldu og heiðarlegu lífi í spillt líf peninga og óheiðarleika og loks fangelsi. |
| 1973 | Kongó | Sébastien Kamba | La Rançon d´une alliance | Fjárkúgun sambandsins | Forn saga um samskipti tveggja hópa í blíðu og stríðu |
| 1973 | Níger | Oumarou Ganda | Saitane | Satan | Háðsádeila á öfgar trúboða |
| 1973 | Senegal | Djibril Diop Mambéty | Touki-Bouki | Ferðalag hýenunar | Saga um ungt fólk sem dreymir um betra líf í Evrópu. Notar sagnahefð með óvenjulegum klippingum, byltingarkennd frásögn. |
| 1973 | Suður Afríka | Louis de Witt | Joe Bullet | Jói Kúl | Fótboltalið lendir í átökum glæpagengja, fyrsta kvikmynd SA með aðeins svörtum leikurum |
| 1974 | Malí | Souleymane Cissé | Den Muso | Unga stúlkan | Ung mállaus ógift ólétt kona sem fer nýjar leiðir gegn afstöðu foreldra sem eru bundin hefðinni. |
| 1974 | Níger | Mustapha Alassane | Toula ou le génie des eaux | Toula eða snilld vatnanna | Þjóðsaga sem segir frá fórnum í þurrkatíð |

Ár Land Director Title African Film titles

| Ár | Land | Director | Title | Íslenskur titill | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | Senegal | Ousmane Sembéne | Xala | Bölvunin | Gamanmynd í hefðbundnum afrískum frásganarstíl um sígilt vandamál siðleysis nýríka fólksins, erfingjar nýlenduhugsunar. Háttsettur embættismaður kvænist þriðju konunni en reynist getulaus þegar kemur til hvílubragða vegna álaga sem fyrrum landeigandi kom á hann vegna svika. |
| 1974 | Suður Afríka | Chris Curling & Pascoe Macfarlane | Last Grave at Dimbaza | Síðasta gröf í Dimbaza | Heimildamynd gerð leynilega af hvítum Suður Afríkumönnum lýsa misrétti undir aðskilnaðarstefnunni. |
| 1975 | Kamerún | Jean Pierre Dikongue-Pipa | Muna Moto | Hitt barnið | Dæmisaga um uppsprengdan heimanmund í hefðbundnum sagnastíl |
| 1975 | Kamerún | Daniel Kamwa | Pousse-pousse | Fótstigni farþegavagninn | Um freslun kvenna. |
| 1975 | Nígería | Ola Balogun | Amadi | | Fyrsta kvikmyndin í fullri lengd talsett á máli Igbo sem gerði hana mjög vinsæla innanlands. Stefið er þekkt, andstæður nýja samfélags borga og hins eldra sveita samfélags. |
| 1975 | Nígería | Ola Balogun | Ajani-Ogun | | Fyrsta söngvamyndin frá Afríku og talsett á máli Yoruba sem gerði hana vinsæla heima fyrir. Sagan snýst um ungan veiðimann sem reynir að endurheimta land föður síns en verður fyrir mótlæti spilltra embættismanna með hegðun sem á rætur sínar í nýlenduarfleifðinni. Myndin var gerð í samvinnu við hefðbundin Yoruba ferðaleikhús sem hafa alltaf notið vinsælda. |
| 1975 | Nígería | Sanya Dosunmu | Dinner with the Devil | Borðað með djöflinum | Ádeila á spillingu og fleiri ósiði, fyrsta nígeríska myndin sem lýsir raunsæju lífi með góðri persónusköpun, tónlist með Sunny Ade. |
| 1975 | Senegal | Safi Faye | Kaddu Beykat | Bréf úr sveitinni | Skýr mynd þar sem notað er vítt sjónarhorn til að bregða upp daglegu lífi í þorpinu Beykat en undir niðri sjóða árekstrar þar sem yfirvöld hafa fyrirskipað einræktun þvert á móti vísdómi fólksins. Fyrsta kvikmynd afrísks kvenleikstjóra. |
| 1975 | Senegal | Mahama Johnson Traoré | Njangaan | Lærisveinn | Tekur á trúvæðingu íslam og andlegri kúgun í Afríku. Sagan um dreng, Njangaan, sem fer í trúarskóla múslima þar sem nemendurnir eru látnir betla fyrir eigin skólagjöldum. |
| 1976 | Eþíópja | Haile Gerima | Harvest: 3,000 years | Afrakstur 3 þús ára | Söguleg kvikmynd sem sýnir hætturnar sem eru samfylgjandi þúsundum ára sárafátæktar og áþján bændafólks í Eþíópju. Lífsbarátta nútímafjölskyldu í lénskipulagi er opinberuð í kerfi stéttamisréttis og undirokunar. Boðskapurinn er að afrakstur margra alda kúgunar takmarkar tilfinningar fólksins fyrir frelsi til að steypa harðstjórninni. Réttlætis er að lokum krafist, jafnvel með ofbeldi. Framvindan hæg í anda sagnamenningu en byltingarkennd, hápólitískt listaverk. |
| 1976 | Malí | Alkaly Kaba | Wamba | Sameiginlega | Um félagslegt misrétti stétta |
| 1976 | Malí | Souleymane Cissé | Baara | Vinna | Kynnir í fyrsta sinn hlutverk verkalýðsfélaga og baráttu innan þeirra og var mjög vinsæl af alþýðu. Myndin er hápólitísk sem tekur á félagslegun vandamálum heildarinnar í von um jákvæða breytingu. Byggir á sagnahefð. |
| 1976 | Nígería | Adamu Halilu | Shaihu Umar | | Söguleg heimildamynd sem fjallar um komu Íslam til Hausa-samfélagsins í norður Nígeríu. |
| 1976 | Nígería | Jab Adu | Bisi, Daughter of the River | Bisi, dóttir fljótsins | Saga sem blandar saman átrúnaði innfæddra á náttúruguði og nútímakonu sem afneitar slíku í leit að eigin hamingju í lífinu |
| 1976 | Nígería | Ola Balogun | Musik-Man | | Vel gerð tónlistarmynd með ensku og pidgin tali |
| 1976 | Senegal | Ousmane Sembéne | Ceddo | Utangarðsfólk | Sterk ádeila á uppáþrengd trúarbrögð til fátækra landsmanna í Afríku, sérstaklega menningareinokun Íslam. |
| 1977 | Angóla | Ruy Duarte de Carvalho | Faz la coragem, camarada! | Sýndu hugrekki, félagi! | Heimildamynd eftir sjálfstæði um hetjur frelsisbaráttunnar og ágæti hins félagslega þjóðskipulags. |
| 1977 | Benin | Richard de Meideros | Le nouveau venu | Nýliðinn | Um skriffinnsku og spillingu |
| 1977 | Nígería | Ola Balogun | Ija Ominira | Barist fyrir frelsi | Saga Adebayo um þegna sem yfirgefa hataðan konung sinn sett upp í hefðbundið Yoruba leikhús |
| 1977 | Nígería | Eddie Ugbomah | The Rise and Fall of Dr. Onyenusi | Ris og fall Doktors Onyenusi | Saga byggð á glæpagengi í Lagos |
| 1977 | Senegal | Moussa Bathily | Tiyabu Biru | Umskurður | Um misþyrmingu stúlkulíkamans |
| 1978 | Kamerún | Daniel Kamwa | Le prix de la liberté | Kostnaður frelsisins | Um þvinguð hjónabönd |
| 1978 | Mósambík | Murillo Salles | Estas são as armas | Þetta eru vopn | Samsett verk heimildamynda um frelsisbaráttuna, verðlaunahafi Silfur dúfunnar í Leipzig 1978 |
| 1979 | Máritanía | Med Hondo | West Indies | Vestur Indíur | Ópera sem er tekin upp í þrælaskipi um sögu Afríku frá þrælahaldi og nýlendutíma til eftirmála sjálfstæðis séð frá augum Afríkubúa erlendis. Byggir á sagnahefð. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1979 | Mósambík | Ruy Guerra | Mueda: Memória e massacre | Mueda: Minningar og fjöldamorð | Sannsöguleg mynd sem notar heimildamyndir, viðtöl við vitni atburðanna og leikin atriði til að endurskapa atburðarásina við aftöku á 600 Mósambíkum af hersveitum Portúgals í borginni Mueda árið 1960 við upphaf borgarastríðsins. |
| 1979 | Nígería | Eddie Ugbomah | The Mask | Gríman | Byggt á söguatviki þegar Bretar fóru í leiðangur til Benín til að stela fornfrægri grímu til að setja á safn í London, nú er það Nígeríuhetja sem fer til London til að stela grímunni tilbaka |
| 1979 | Nígería | Ola Balogun | Aiye | Æji, hús lífsins | Byggt á Yoruba leikriti um dulspeki góðs og ills |
| 1979 | Nígería | Hubert Ogunde | Jaiyesimi | | Framhald Aiye |
| 1980 | Fílabeinsströnd | Fadika Kramo-Lanciné | Djeli, conte d´aujourd´hui | Sagnameistarinn, nútímafrásögn | Byggir á sagnameistara sem kemst að því að geta ekki gifst utan stéttar sinnar |
| 1980 | Kongó | Jean-Michel Tchissoukou | La chapelle | Kapellan | Kristniboð útilokar innlenda menningu í sögu frá 1930 |
| 1980 | Mósambík | Camillo de Sousa | Offensiva | Árás | Heimildarmynd um forseta Mózambík, Samora Machel, þegar hann afhjúpar það sem miður fer í samfélaginu og kemur slæmu orði á framkvæmd eigin félagsstjórnstefnu. |
| 1980 | Níger | Oumarou Ganda | L´exilé | Útlaginn | |
| 1980 | Senegal | Ben Diogoye Beye | Sey Seyeti | Einn maður, nokkrar eiginkonur | Í landi fjölkvænis reynist erfitt að breyta lögum til einkvænis |
| 1980 | Suður Afríka | Ross Devinish | Marigolds in August | Morgunfrúr í ágúst | Lýsir spennu þriggja einstaklinga á tímum aðskilnaðarstefnunnar, eftir leikriti Athol Fugard. |
| 1981 | Burkina Faso | Idrissa Ouédraogo | Poko | | Stuttmynd um þorp sem hefur enga heilsugæslu, ung kona deyr af barnsförum á leið til borgarinnar í kerru. |
| 1981 | Gana | Kwaw Painstil Ansah | Love Brewed in the African Pot | Ástin brugguð í Afríska pottinum | Þetta var geysi vinsæl kvikmynd í Afríku og víðar. Fjallar um samband menntaðri konu úr millistétt og ómenntaðs fiskimannssonar. |
| 1981 | Nígería | Ola Balogun | Cry Freedom | Frelsiskall | Byggð á sögu Meja Mwangi, *Carcase for Hounds* , um Mau Mau baráttuna. Tekur fyrir nýlendustefnu og frelsisbaráttu í Afríku og segir frá frelsisstríði skæruliða. Fyrsta sögulega myndin um pólitískan raunveruleika álfunnar í heild gerð af heimamanni um frelsi og sjálfstæði. |
| 1981 | Senegal | Ababa Samb-Makharam | Jom, ou l´histoire d´un peuple | Dyggð, eða saga fólks | Höfundur notar sögumann (griot) sem rödd samviskunnar um átök á vinnustað, blandað frásögnum af átökum úr fortíðinni. Sögumaðurinn er persóna í myndinni sem kemur fram og predikar gömul gildi. |
| 1981 | Senegal | Paulin Soumanou Vieyra | En résidence surveillée | Í stofufangelsi | Háðsádeila á skaðvald valdarána í afrísku samfélagi |
| 1982 | Burkina Faso | Gaston Kabore | Wend Kuuni | Guðsgjöf | Fékk í verðlaun franska Sesarinn,(Le César de la Francophonie), fyrst afrískra kvikmynda. Fjallar um ungan dreng sem verður fyrir því áfalli að missa fjölskyldu sína (og málið) en að finna aðra. Höfundur notast hér við tal sögumans en er ósýnilegur hluti af framvindunni. |
| 1982 | Burkina Faso | Kollo Daniel Sanou | Paweogo | Innflyjandinn | |
| 1982 | Gínea | Moussa Kemoko Diakite | Naitou | | Ballet kvikmynd |
| 1982 | Kamerún | Arthur Si Bita | Les coopérants | Samvinnufélagið | Átök upplýstra menntaðra ungmenna við aðstæður í þorpinu |
| 1982 | Malí | Souleymane Cissé | Finye | Vindur | Fyrsta afríska myndin sem fjallar um hlutverk valds kvenna undir herforingjastjórn |
| 1982 | Nígería | Ola Balogun | Money Power | Peningaaflið | Ádeila á spillt samfélag, á Yoruba máli |
| 1982 | Nígería | Ola Balogun | Orun Moorun | Himnaríki er heitt | Byggt á Yoruba gamanleik með samvisku skilaboðum |
| 1983 | Angóla | Ruy Duarte de Carvalho | Nelisita | | Heimildamynd eftir sjálfstæði um hetjur frelsisbaráttunnar og ágæti hins félagslega þjóðskipulags. |
| 1983 | Nígería | Eddie Ugbomah | The Death of a Black President | Dauði forsetans | Um aftöku forseta Nígeríu, herstjórann Murtala Muhammed 1976 |
| 1984 | Burkina Faso | Paul Zoumbara | Jours de tourmente | Umrótadagar | |
| 1984 | Gana | Alto Yanney | His Majesty´s Sergeant | | Fjallar um kynþáttaerjur þegar þrír hermenn leyta skjóls í helli og hvítur óbreyttur kann ekki að taka skipanir frá svörtum yfirmanni. |
| 1984 | Gana | King Ampaw | Kukurantumi, Road to Accra | Vegurinn til Accra | Fjallar um þekkta streitu milli sveitar (þorpið Kukurantumi) og borgar, borgin heillar en hefur sína galla. |
| 1984 | Suður Afríka | Jamie Uys | The Gods must be Crazy | Guðirnir hljóta að vera brjálaðir! | Grínmynd á kostnað innfæddra, mjög vinsæl! |
| 1985 | Burkina Faso | Idrissa Ouédraogo | Issa le tisserand | Issa vefari | Heimildarmynd um vefara sem bregður upp grímu og fer að selja vestræn föt |
| 1985 | Fílabeinsströnd | Désiré Ecaré | Visages de femmes | Andlit kvenna | Myndin hefst á löngu vel útfærðu dansatriði en skiptist síðan í tvær aðskildar sögur. Vakti athygli fyrir djarfar nektar- og ástarsenur. Söngur og dans halda þessu verki saman í anda hefðbundinnar menningar. |
| 1985 | Kamerún | Jean-Marie Teno | Yellow fever Taximan | Bílstjóri með gulu | Stuttmynd |
| 1985 | Kamerún | Jean-Marie Teno | Hommage | Virðing | Stuttmynd |

| Ár | Land | Director | Title | African Film titles | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1985 | Kenja | Sao Gamba | Kolormask | Útlitur | Fjallar um árekstra tveggja heima þegar námsmaður kemur heim með breska eiginkonu. |
| 1985 | Tansanía | Nanga Yoma Ngoge & Ron Mulvihill | Arusi ya Mariamu | Brúðkaup Mariamu | Spilar saman því nýja við hið eldra þegar ung kona sem verður alvarlega veik vill fara í nýja sjúkrahúsið því hún hefur frá barnæsku verið hrædd við hefðbundnar lækningar. |
| 1985 | Zaire | Ngangura Mweze & Bonit Lamy | La vie est belle | Lífið er fallegt | Myndin er byggð upp sem söngvamynd í léttum dúr en undir niðri er hún ádeila á misrétti sem skapast í hröðu lífi stórborgarinnar |
| 1986 | Gana | King Ampaw | Juju | Töfrahapp | Pólitísk ádeila þar sem nýbreytingar rekast á gamlar venjur. |
| 1986 | Malí | Cheick Oumar Sissoko | Nyamanton | Rusladrengirnir | Saga um borgarbörn sem sýnir fjölbreytt athæfi þeirra til að komast af, í skólanum og á götunni. |
| 1986 | Senegal | David Ika Diop | Poète de l´amour | Skáld ástarinnar | |
| 1987 | Gínea-Bissá | Umban u´Kset | N´tturudu | | Lævísleg gamanmynd sem inniheldur kunnuglegar andstæður eins og kyrrstaða eða breytingar, sveit eða borg, kynslóðabilið. |
| 1987 | DR Kongó | Mwezé Ngangura | La Vie est Belle | Lífið er fallegt | Saga um tónlistarmann sem leitar frama í stórborginni, um menningu íbúanna |
| 1987 | Malí | Souleymane Cissé | Yeelen | Birta | Mikið listaverk sem fékk verðlaun á Cannes 1987. Myndin fjallar um pílagrímsför og leit ungs manns að leyndamálum náttúrunnar |
| 1987 | Máritanía | Med Hondo | Sarraounia | | Mynd um afríska drottningu, Sarraounia, sem með sínum styrk tekst að leiða sína heimamenn til mótspyrnu gegn franska hernum sem ræðst inn í land þeirra í Níger á nýlendutíma. |
| 1987 | Senegal | Ousmane Sembéne & Thierno Faty Sow | Camp de Thiaroye | Herbúðirnar í Thiaroye | Mynd um afríska herdeild sem herjuðu með Frökkum í seinna stríði og þess vegna franskir ríksborgarar. Við heimkomuna fá þeir meðferð eins og hver annar nýlendubúi, þeim er neitað um sanngjarna þóknun fyrir að verja Frakkland sem leiðir til uppreisnar þeirra í búðunum sem að lokum leiðir til endaloka þeirra með ofbeldi nýlenduhers Frakka. |
| 1988 | Burkina Faso | Gaston Kaboré | Zan Boko | Móðurjörð | Í þessu verki er att saman tveimur heimum á sama staðnum, friðsælt samfélag í þorpi sem er umturnað þegar borgarsamfélagið seilist í land þess í útþenslu sinni. |
| 1988 | Fílabeinsströnd | Henri Duparc | Bal Poussiére | Dansað í rykinu | Gamanmynd um fjölkvæni sem snertir lauslega á mótsögnum í hefðum og menningu |
| 1988 | Gana | Kwaw Painstil Ansah | Heritage...Africa | Arfleifð...Afríka | Vel gerð mynd um samlögun manns við siði nýlenduherrana en um leið afneitun á eigin menningu sem leiðir hann að lokum til glötunnar. |
| 1988 | Gínea-Bissá | Flora Gomes | Mortu nega | Dauða afneitað | Kvikmynd sem lýsir hörmungum borgararstríðsins í landinu með konu í aðalhlutverki í harmleik þeirra sem komust af. |
| 1988 | Madagaskar | Marie-Clemencé & Cesar Paes | Angano...Angano...nouvelles de Madagascar | Sögur frá Madagaskar | Listræn mynd sem sýnir þjóðhætti á nýstárlegan máta með munnlega hefð í samfélagslegt samhengi. |
| 1988 | Senegal | Amadou Saalum Seck | Saaraba | Draumaland | Vonin ungu kynslóðarinnar á nýju þjóðfélagi eftir sjálfstæði fjara út þar sem væntingar á breyttu samfélagi verða að engu. |
| 1988 | Suður Afríka | Oliver Schmitz | Mapantsula | Þjófur | Saga um smáþjóf í Soweto undir misrétti apartheid í SA. |
| 1989 | Burkina Faso | Idrissa Ouédraogo | Yaaba | Amma | Geysivinsæl mynd alþjóðlega og er byggð á dæmisögu úr munnlegri sagnahefð um gamla konu sem er burtrekin úr þorpi sínu vegna galdra. |
| 1989 | Malí | Cheick Oumar Sissoko | Finzan | Hetjudans | Þessi kvikmynd fjallar um málefni kvenna, sum bundin í hefðina eins og umskurð stúlkna og þvinguð hjónabönd, en einnig um losun kvenna úr þessum fjötrum |
| 1990 | Burkina Faso | Idrissa Ouédraogo | Tilaï | Lögin | Saga um flókin samskiptamál innan þorpsins, ástir of örlög. |
| 1991 | Gínea-Bissá | Flora Gomes | Udju Azul di Yonta | Bláu augu Yonta | Afleiðingar frelsisstríðs fyrir þá sem börðust og hinna ungu sem eiga framtíðina. Ungur stúdent er hrifinn af Yonta sem er í ástarsambandi við fyrrum hermann. |
| 1991 | Malí | Adama Drabo | Ta Dona | Eldur | Um vernd skógarins þegar skógarvörður bregst við skógareldi í þorpi |
| 1992 | Búrúndí | Léonce Ngabo | Gito, l´ingrat | Gito hinn óþakkláti | Námsmaður frá Búrúndí lofar franskri kærustu góðu lífi þegar hann kemst til metorða en verður fljótt að horfast í augu við staðreyndir |
| 1992 | Gínea | David Achkar | Allah Tantou | Vilji guðs | Pólitísku ofbeldi lýst í frásögn föður höfundar sem var diplómat í Gíneu og lenti þar í fangelsi. |
| 1992 | Kamerún | Jean-Pierre Bekolo | Quartier Mozart | Umdæmi Mozart | Í nútíma og álög úr sagnahefð fortíðar er notuð í misjöfnum tilgangi. |
| 1992 | Nígería | Chris Obi Rapu | Living in Bondage | Líf í ánauð | Fyrsta stórmyndin beint á myndband, upphaf Nollywood veldisins |
| 1992 | Senegal | Ousmane Sembéne | Guelwaar | | Lýsir á háðsaman hátt spennu milli trúflokka þegar múslimir jarðsetja óvart kaþólikka. |

African Film titles

| Ár | Land | Director | Title | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1992 | Senegal | Djibril Diop Mambéty | Hyénes | Hýenur | Saga um ástir og hefnd í þorpinu Colobane en um leið ádeila á arfleifð nýlendustefnu og neysluhegðun. |
| 1993 | Eþíópja | Haile Gerima | Sankofa | Endurheimtur | Saga um þrælahald séð með augum húshjálpar í suðurríkjum Bandaríkjanna sem ung afríks leikkona endurlifir |
| 1993 | Fílabeinsströnd | Roger Gnoan M´Bala | Au nom du Christ | Í nafni Krists | Háðsádeila um útgáfur af kristni sem upp geta komið í litlu þorpi |
| 1993 | Nígería | Ngozi Onwurah | Monday´s girls | Mánudagsstúlkur | Líkamsmeðferð á menningarhátíð. |
| 1993 | Zimbabwe | Godwin Mawuru | Neria | | Um eignarhald manns á ekkju bróður síns. |
| 1994 | Angóla | Orlando Fortunato | Memória de um dia | Dagsminning | Heimildamynd eftir sjálfstæði um hetjur frelsisbaráttunnar og ágæti hins félagslega þjóðskipulags. |
| 1994 | Togo | Anne-Laure Folly | Women with Open Eyes | Konur með opin augun | Heimildarmynd um líf kvenna í nokkrum Afríkuríkjum. |
| 1995 | Burkina Faso | Dani Kouyaté | Keïta! l´Heritage du griot | Keïta! Rödd sagnameistarans | Byggir á fornum sögum sagnameistara um nútilveru og uppruna. |
| 1995 | Kamerún | Bassek Ba Kobhio | La grand blanc de Lambaréné | Hvíta stórmennið í Lambaréné | Byggð á sögu mannvinarins Alberts Schweitzer, tekin upp við sjúkrahús kennt við hann í Gabon. |
| 1995 | Malí | Cheick Oumar Sissoko | Guimba, the Tyrant | Harðstjórinn | Saganmeistari fortíðar segir sögu þorps með einráðan harðstjóra og son hans |
| 1996 | DR Kongó | Balufu Bakupa-Kanyinda | Le Damier, Papa national oyé! | Árekstur skriffinnanna | Fjallar um forseta lands sem spilar kotru við flæking allar nætur, þar sem öskur og blótsyrði eru hluti af spilinu. |
| 1996 | Gínea-Bissá | Flora Gomes | Pau de Sange | Rauðviður | Afrísk saga sem gerist í frumskógarþorpi |
| 1996 | Senegal | Safi Faye | Mossane | Mossane | Munaðarfull saga ungrar konu, Mossane, sem fellur hug til annars en foreldrar velja henni. |
| 1996 | Zimbabwe | Ingrid Sinclair | Flame | Bál | Fyrsta mynd Zimbabwe um Þjóðfrelsisstríðið og þátt kvenskæruliða í baráttunni við Ródesíuherinn. Þáttur kvenna er vanþakkaður miðað við þátt karla. |
| 1997 | Burkina Faso | Gaston Kabore | Buud Yam | Hópsál | Byggð á sagnahefðinni um áhrif galdra á ungt fólk og leit þess að rótum sínum (framhald af Wend Kuuni). |
| 1997 | Gínea | Mohamed Camara | Dakan | Örlög | Fyrsta mynd Afríkumanns um samkynhneigð |
| 1997 | Malí | Adama Drabo | Taafé Fanga | Afl pilsins | Í sögu frá fyrri tímum um kynjahlutverk. Með hjálp töfragrímu skipta konur um hlutverk við karla. Karlarnir verða tilbaka með barnaumsjá og matargerð á meðan konurnar taka til við stjórn í opnu rými. |
| 1998 | DR Kongó | Mwezé Ngangura | Pièces d´identité | Partar sjálfsmyndar | Saga um ferðalag afríkuhöfðingja til Belgíu að leita að dóttur sinni og kynnist því besta og versta hjá innflytjendum, löndum sínum. |
| 1998 | Máritanía | Abderrahmane Sissako | La vie sur terre | Líf á jörðu | Lýsir lífi í þorpi á landsbyggðinni í lok 20. aldar |
| 1999 | Benín | Dominique Loreau | Divine carcasse | Heilagur búkur | Lýsir hvernig bíll árgerð 1955 sem endist í margs konar hlutverk |
| 2001 | Burkina Faso | Fanta Régina Nacro | Bintou | | Um útilokun á menntun stúlkna |
| 2001 | Burkina Faso | Dani Kouyaté | Sia, le rêve du python | Draumur slöngunnar | Byggt á þjóðsögu um mannfórn sem fer útum þúfur, og er um leið pólitísk ádeila |
| 2001 | Grænhöfðaeyjar | Ana Lucia Ramos | Amilcar Cabral | | Heimildarmynd um frelsishetju Grænhöfðaeyja og Gíneu Bissá |
| 2001 | Senegal | Joseph Gaiï Ramaka | Karmen Geï | | Um lesbískt samband, tónlistaratriði af kvenkyns sagnameistara (griotte) notað til áherslu tilfinninga. |
| 2001 | Senegal | Ousmane Sembéne | Faat Kiné | | Segir frá stöðu kvenna í nútíma borgarsamfélagi í öllum sínum mótsögnum. |
| 2002 | Chad | Mahamat-Saleh Haroun | Abouna | Faðir okkar | Um landsflótta ungs fólks vegna dugleysis stjórnvalda. |
| 2002 | Fílabeinsströnd | Akissi Delta | Ma Famille | Fjölskylda mín | Þættir 2002-2017 |
| 2002 | Kenya | Judy Kibinge | Dangerous Affair | Hættuleg kynni | Saga um konur í nútímaborgarsamfélagi, sambönd þeirra, vinna og skemmtun |
| 2002 | Máritanía | Abderrahmane Sissako | Heremakono | Biðin eftir hamingjunni | Brugðið upp myndum fegurðar, baráttu, firringu og gamni af daglegu lífi fólks í leit að betra lífi |
| 2004 | Angóla | Maria João Ganga | Na Cidade Vazia | Hol Borg | Fyrsta kvikmynd angólskrar konu eftir borgarstríða landsins. Segir frá munaðalausu barni sem kemur til borgarinnar og kynnist ístöðulausu lífinu þar. |
| 2004 | Burkina Faso | Fanta Régina Nacro | La nuit de la vérité | Nótt sannleikans | Segir frá nótt sátta sem tvær fylkingar ná eftir 10 ára stríðandi ástand. |
| 2004 | Burkina Faso | Dani Kouyaté | Ouaga Saga | | Fjallar um ungt fólk að finna leiðir að takmarki sínu í lífinu |
| 2004 | Burkina Faso | Kollo Daniel Sanou | Tasuma | | Gamanmynd um uppgjafa hermann sem kemur heim í þorpið sitt eftir þjónustu við Frakka |
| 2004 | Senegal | Ousmane Sembéne | Moolaadé | Töfravörn | Fjallar um umskurð stúlkubarna af fordæmingu og segir frá sveitakonu sem notar töfralyf til að reyna að koma í veg fyrir umskurð dóttur sinnar. |
| 2004 | Suður Afríka | Tim Greene | Boy called Twist | Drengur að nafni Twist | Saga frá Höfðaborg sem er byggð á sögunni um Óliver Tvist |

Ár Land Director Title

African Film titles

| Ár | Land | Director | Title | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2004 | Svatíni/SAfríka | Zola Maseko | Drum | | Blaðamaðurinn Henry Nxumalo hjá tímaritinu Drum árið 1950 mótmælir aðskilnaðarstefnunni. |
| 2005 | Kamerún | Jean-Pierre Bekolo | Les saignantes | Blæðingarnar (The Bloodettes) | Ein fyrsta framtíðarsaga álfunnar þar sem tvær konur reyna að uppræta spillingu og kynóðum karlmönnum. Mikil ádeilumynd á undirokun kvenna af mönnum í stjórnunarstöðum. Konur rísa hér upp gegn kúgun almennings sem á bágt. Í þessu tilviki líta konur ekki á sig sem veikara kynið heldur nota þær kyn sitt til að ná tilgangi sínum sem gerir verkið femíniskt. Myndatakan fer fram að nóttu sem setur myndina í stíl svart-hvít mynda sjötta áratugar. |
| 2005 | Kenya | Pascal Plisson | Masai and the Rain Warriors | Masai-herjar í þurrkatíð | Ungliðar af Masai ætt þurfa að bregðast við andláti öldunga og mikilli þurrkatíð |
| 2005 | Suður Afríka | Gavin Hood | Tsotsi | Glæpamaður | Vel gerð og vinsæl mynd sem lýsir götulífi í Soweto glæpagengja |
| 2005 | Suður Afríka | Mark Dornford-May | U-Carmen eKhayelitsha | Karmen í Khayelitsha | Ópera Bizets sett upp í svörtu hverfi Höfðaborgar, hefðbundinni afrískri tónlist bætt við upprunalegu tónlistina og tekin upp beint og allir leikarar ófaglærðir. |
| 2006 | Burkina Faso | Boubakar Diallo | L´or des Younga | Gull Younga bræðra | Afrískur vestri? |
| 2006 | Chad | Mahamat-Saleh Haroun | Daratt | Þurrkatíðin | Ungur maður leitar að morðingja föður síns |
| 2006 | Malí | Abderrahmane Sissako | Bamako | Bamako (Höfuðborg Malí) | Sagan snýst um réttahöld í borginni með hápólitískum tón um þróunarsögu álfunnar |
| 2007 | Nígería | Newton Aduaka | Ezra | | Skaddaður ungur hermaður frá Sierra Leone þarf að gera upp sín mál í minnisleysi |
| 2008 | Eþíópja | Haile Gerima | Teza | Dögg | Ungur menntamaður snýr heim og finnur ógnarstjórn og sundrungu |
| 2008 | Nígería | Tunde Kelani | Arugba | Hrein mey | Saga um líf ungrar konu sem er í háskóla og í hljómsveit sem þarf að sinna mörgu (Nollywood). |
| 2009 | Burkina Faso | Missa Hebié | Le fauteuil | Setustóll | |
| 2009 | Nígería | Kunle Afolayan | The Figurine | Höggmyndin | Spennumynd með yfirnáttúrulegu ívafi sem þykir einnig listræn. |
| 2009 | Kenya | Wanuri Kahiu | From a Whisper | Andardráttur | Byggð á atburðum sprengjuárásarnnar í Nairobi 1998 |
| 2009 | Suður Afríka | John Kani | Nothing but the Truth | Aðeins sannleikann | Uppgjör þeirra sem fóru og þeirra sem sátu eftir á aðskilnaðartíma SA í sögu um flutning á ösku frelsishetju frá London til heimalandsins. |
| 2010 | Burkina Faso | Sarah Bouyain | Notre Étrangère | Útlendingurinn okkar | Frönsk lituð kona leitar uppruna síns í Afríku |
| 2010 | Chad | Mahamat-Saleh Haroun | Un homme qui cri | Öskrandi maður | Um fall manns sem var eitt sinn efnilegur sundkappi en fæst síðan við eftirlit með sundlaug á fínum hvíldarstað sem kínverjar reka. |
| 2011 | Benín | Sylvestre Amoussou | Un pas en avant – Les dessous de la corruption | Eitt skref fram – hyldýpi spillingar | Um uppgötvun á fjádrátt hjá mannréttindahreyfingu |
| 2012 | Senegal | Moussa Toure | La Pirogue | Báturinn | Kvikmynd um flóttamenn frá Afríku og áhættuna sem þeir taka. |
| 2012 | Senegal | Alain Gomis | Tey | Í dag | Dauðvona maður ákveður að láta sinn síðasta dag verða sérstakan |
| 2013 | Suður Afríka | Jamil X.T. Qubeka | Of good report | Góð meðmæli | Sálrænn tryllir í skólanum |
| 2014 | Eþíópja | Zeresenay Berhane Mehari | Difret | Þrek | þvinguð hjónabönd |
| 2014 | Fílabeinsströnd | Philippe Lacôte | Run | Framboð | Saga byggð á ólgu og öldu ofbeldis eftir kosningar í landinu sem skildi eftir 3000 manns dána |
| 2014 | Máritanía | Abderrahmane Sissako | Timbuktu | Timbúktú | Margverðlaunuð kvikmynd sem fjallar um yfirtöku öfgasinnaðra múslima á borginni Timbuktu í Malí. Sharía lög eru fyrirskipuð með sínum þrengingum á líf fólks. Saga er sögð af fátækum Túregum sem lenda í óhappi sem leiðir til dauða vegna nýja siðarins. |
| 2015 | Burkina Faso | Sékou Traoré | L´oeil du cyclone | Auga stormsins | Sálfræðileg réttardrama um barnahermenn |
| 2015 | Eþíópja | Yared Zeleke | Lamb | Lamb | Ungur drengur missir móður sína og fer til fjölskyldu föður að gæta fjár. Hann tekur ástfóstri við lamb sem á að slátra og flýr með það í leit að heimaslóðum. |
| 2015 | Suður Afríka | Sibs Shongwe-La Mer | Necktie Youth | Unglingar með bindi | Saga ungmenna úr millistétt Jóhannesarborgar, tapi þeirra og sigrum. |
| 2016 | Senegal | Alain Gomis | Félicité | Sæla | Saga skemmtikrafts sem safnar pening til að borga fyrir lækningu barns síns. |
| 2016 | Mósambík | Licínio Azevedo | Comboio de Sal e Açúcar | Lestarferð með salti og sykri | Langt ferðalag með lest gegnum land uppreisnarmanna |
| 2016 | Nígería | Kemi Adetiba | The wedding party | Brúðkaupið | Vinsælasta Nollywood framleiðslan |
| 2017 | Benín | Sylvestre Amoussou | L´orage africain: Un continent sous influence | Afríski stormurinn | Gegn nýlendustefnu |
| 2017 | Burkina Faso | Apolline Traoré | Frontières | Landamæri | Vegamynd um fjórar ólíka konur sem ferðast frá Senegal til Nígeríu |
| 2017 | Malaví | Shemu Joyah | The Road to Sunrise | Leiðin að sólarupprás | |
| 2017 | Suður Afríka | Pascale Lamche | Winnie | Winnie | Fjallar um líf Winnie Madikizela-Mandela og baráttu hennar undir aðskilnaðarstefnunni |
| 2017 | Zambía | Rungano Nyoni | I am not a Witch | Ég er ekki norn | Ung stúlka er ásökuð um galdra og gerð útlæg frá þorpinu |
| 2018 | Gana | Blitz Bazawule | The Burial of Kojo | Gröf Kojo | Harmsaga Kojo sem bíður dauða síns í aflagðri námu sem aðeins dóttir hans getur bjargað með fulltingi anda annars heims |
| 2018 | Kenya | Wanuri Kahiu | Rafiki | Vinur | Saga um ástir tveggja kvenna í landi LGBT-afneitunar |

Ár Land Director Title African Film titles

| Ár | Land | Director | Title | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2018 | Kenya | Likarion Wainaina | Supa Modo | Sjö stillingar | Unga stúlku með illvægan sjúkdóm dreymir um að verða ofurhetja og þorpsbúar hjálpa til að óskin rætist |
| 2018 | Rwanda | Joël Karekezi | The Mercy of the Jungle | Náð frumskógarins | |
| 2019 | Lesotho | Lemohang Jeremiah Mosese | This is Not a Burial, It's a Resurrection | Ekki jarðarför, heldur upprisa | Gömul ekkja er að búa sig undir kveðjustund þegar hún uppgötvar að land hennar á að fara undir vatn stórrar stífluvirkjunnar |
| 2019 | Malaví/USA | Chiwetel Ejiofor | The Boy Who Harnessed the Wind | Drengurinn sem tamdi vindinn | Byggð á sannri sögu um hugvitsaman dreng sem smíðar vindmillu úr reiðhjóli föður síns til að bjarga uppskerunni |
| 2019 | Senegal | Mati Diop | Atlantique | Atlantshaf | Fjallar um atvinnuleysi, flóttamenn, drauga, ofl. |
| 2019 | South Africa | Angus Gibson | Back of the Moon - Sophiatown 1968 | Bakhlið mánans | Dökkir og velmegandi íbúar Sophiatown eru þvingaðir til að flytja búferlum út fyrir borgarmörkin til að rýma fyrir hvítum borgurum árið 1968. Stefnir í uppgjör gengis svartra og lögreglu aðskilnaðarsinna. Söngstjarna og gengisstjóri gera upp málin áður en hverfið er rutt. |
| 2019 | Súdan | Suhaib Gasmelbari | Talking about Trees | Tölum um trén | Heimildarmynd sem dregur upp mynd af einræðissamfélagi þar sem bannað er að ræða það sem skiptir máli |
| 2020 | DR Congo | Dieudo Hamadi | En Route pour le Milliard | Leiðin að auðæfunum | Eftirlifendur sex daga stríðsins árið 2000 ferðast til höfuðborgarinnar Kinshasa til að fá bót meina sinna |
| 2020 | Fílabeinsströnd | Philippe Lacôte | La Nuit des Rois | Nótt konunganna | Sagan gerist innan veggja fangelsis þegar aldraður æðstráðandi þarf að velja sinn eftirmann. Hann velur sagnaþul sem spinnur sögu alla nóttina til að halda lífi. |
| 2020 | Kenya | Sam Soko | Softie | Aumingi | Mjög hlédrægur drengur vex úr grasi og breytist í ákaft baráttuafl sem berst gegn óréttlæti í landi sínu |
| 2020 | Nígería | Kenneth Gyang | Òlòturé | Òlòturé | Ungur og óreyndur blaðamaður kafar í undirheima mansals í Lagos |
| 2020 | Rúanda | Yuhi Amuli | A Taste of Our Land | Kynni af landi okkar | Gamall maður finnur gullmola í kínverskri námu á landi sínu og selur á umdirverði en sér strax eftir því þegar hann kemst að raunvirði gullmolans. |
| 2021 | Suður Afríka | Pippa Ehrlich & James Reed | My Octopus Teacher | Kennarinn minn kolkrabbinn | Heimildarmynd um  heim kolkrabbans í þanghafinu við Suður Afríku |
| 2021 | Tansanía | Seko Shamte | Binti | Dóttir | Saga um fjórar nútímakonur í Dar es Salaam |
| 2023 | Burkina Faso | Apolline Traoré | Sira | Sira | Saga konu sem verður fyrir árás en neitar að yfirbugast og tekur stöðu gegn ofbeldi |
| 2023 | Burkina Faso | Boubakar Diallo | Épines du Sahel | Þyrnar í eyðimörkinni | Leit Naimu að bróður sínum í stríðsþjáðu landi |
| 2023 | Guinea | Thierno Souleymane Diallo | The Cemetery of Cinema | Gravin kvikmynd | Um leit manns að fyrstu kvikmyndinni sem var gerð í Gíneu í vestur Afríku árið 1953 |
| 2023 | Guinea-Bissau | Sana Na N´Hada | Nome | Nafnið | Söguleg drama um uppvöxt leiðtoga frelsishreyfingar G-Bissá, Amilcar Cabral, hefst árið 1969 í þorinu hans og síðan um baráttuna við nýlenduherrana frá Portúgal, og loks heimkomu frelsishetjunnar í þorpið sitt í sigurgleði blandinni nokkurri kaldhæðni. |
| 2023 | Kenya | Charles Uwagbai | The Wall Street Boy, KIPKEMBOI | | Saga ungs sveitastráks með stærðfræðigáfu sem byggir á mynstrum úr náttúrunni. Hann þróar reiknirit og beitir á hlutabréfamarkað og peningamenn ganga langt til að stoppa hann. |
| 2023 | Madagaskar | Luck Razanajaona | Disco Africa: A Malagasy Story | | Ungur námumaður snýr heim og sér fram á víðtæka spillingu samfélagsins. Hann þarf að gera upp milli auðfengns persónlegs gróða eða hollustu við samfélagið. |
| 2023 | Nígería | C.J. Obasi | Mami Wata | Vatnsandi | Andstæðum spilað saman og byggir á þjóðsögu í dulrænu listaverki |
| 2023 | Rúanda | Yuhi Amuli | Citizen Kwame | Borgari Kwame | Kafkaesk saga um baráttuna að fá ferðaleyfi, (visa) |
| 2023 | Senegal | Ramata-Toulaye Sy | Banel & Adama | | Ungt ástfangið par flytur burt frá fjölskyldum sínum og skilja eftir óreiðu um framtíð samfélagsins |
| 2023 | Suður Afríka | Ian Gabriel | Death of a Whitleblower | Dauði uppljóstarans | Njósnatryllir þar sem blaðamaður flettir ofan af yfirhylmingu stjórnvalda um lífefnavopn |
| 2023 | Suður Súdan | Mohamed Kordofani | Goodbye Julia | Vertu sæl Júlía | Söngkona í flóknu ástarsambandi tekur að sér ekkju manns sem hún kálaði. |
| 2024 | Nigeria | The Agbajowo Project | Legend of the Vagabond Queen of Lagos | Goðsögnin um flökkudrottningu Lagosborgar | Mæðgin draga fram lífið í fljótandi þorpi í Lagosflóa. Samstaðan skiptir máli við þvingaðan brottflutning spilltra yfirvalda. |
| 2024 | Senegal | Mati Diop | Dahomey | Dahomey | Leikin heimildarmynd um endurheimtur á stolnum dýrgripum Dahomey konungsveldisins frá Frakklandi til Benin |
| 2024 | Suður Afríka | Tara Moore | Legacy: The Decolonized Hintory of South Africa | Arfleifð: Suður Afríka og nýlenduánauð | Afleiðingar aðskilnaðarstefnunnar í sviðsljósinu, áhrifamikil lýsing á umfangi hennar til stjórnunar samfélagsins allt til dagsins í dag |